

Sþ.

327. Tillaga til þingsályktunar

[167. mál]

um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Flm.: Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að láta athuga nú þegar með hvaða hætti best verði tryggðar sem öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og landingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Lýsingu vegna aðflugs og landingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugunum þessum skal hraðað svo sem frekast er kostur með það fyrir augum að niðurstöður geti legið fyrir hið allra fyrsta og í síðasta lagi haustið 1977.

Greinargerð.

Ekki verður annað sagt en þróun flugmála hér á landi þau 40 ár, sem liðin eru síðan hún hófst, hafi verið hröð. Fjöldi flugvalla í landinu er talinn vera um eitt hundrað. Margir þeirra eru að vísu vart annað en nafnið tóm og tækja- og öryggisbúnaður í öllum tilfellum vægast sagt af skornum skammti. Aðeins átta þessara flugvalla hafa það fullkomna lýsingu, að landing í myrkri sé möguleg. Enginn slíkur flugvöllur er til á Vestfjörðum þrátt fyrir þá staðreynd, sem enginn mælir á móti, að Vestfirðir eru sá landshluti, sem hvað verst er settur hvað varðar samgöngur á vetrum.

Á veturna eru Vestfirðir svo vikum skiptir einangraðir frá öllum samgöngum við aðra landshluta. Það verður því að teljast mjög svo brýnt að gera allt sem hægt er til að bæta alla þá aðstöðu, sem gerir mögulegt að tryggja vestfirðingum greiðfærari og tryggari samgöngur en nú er. Einn þessara samgöngubátta og ekki sá minnsti er flugið. Flugsamgöngur við Vestfirði eru oft á tíðum mjög stopular og kemur þar margt til. Að því er varðar flug til Ísafjarðar, þá eru aðstæður til aðflugs á Ísafjarðarflugvelli mjög svo erfiðar vegna þrengsla, engrar lýsingar og einnig vegna óhagstæðrar vindáttar, sem í meinleysisveðri getur hamlað flugi dögum saman. Vart mun þess að vænta, að lausn finnist varðandi þessi óhagstæðu skilyrði að því er varðar vindátt við Ísafjarðarflugvöll.

Það er því brýnt, að athugað verði hvort ekki sé hægt að snúast gegn þessu vandamáli með stækkun og endurbótum á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík og nota þær í þeim tilvikum sem ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Enginn vafi er á því, að slík lausn mundi mjög treysta og bæta flugsamgöngur við norðanverða Vestfirði.

Varðandi lýsingu á Ísafjarðarflugvelli og aðflugi að honum, þá hefur verið haldið fram, að framkvæmdir í þeim efnum væru svo kostnaðarsamar, að litlar sem engar líkur væru á að í slíkar framkvæmdir yrði ráðist. Fullyrðingar um það hafa þó ekki, að því er best er vitað, við nein rök að styðjast þar sem engar athuganir í ljósi nútímataekni hafa farið fram. Þó mun hafa komið fram hugmynd um flóðlýsingu á þessu svæði, sem gegndi öllu í senn: lýsingu til aðflugs að vellingum, lýsingu Ísafjarðarflugvallar og lýsingu Ísafjarðarkaupstaðar.

Að því er varðar suðurhluta Vestfjarða, þá er Patreksfjarðarflugvöllur miðdepill í flugsamgöngum með stærri flugvélum. Engin lýsing er á þeim flugvelli, en brýn nauðsyn að henni verði komið upp og öryggi og aðbúnaður þar að öðru leyti bætt.

Eins og áður er að vikið, eru Vestfirðir sá landshluti sem í öllum skilningi er verst settur að því er varðar samgöngur, a. m. k. að vetri til.

Þessi þingsályktunartillaga er aðeins um einn þátt samgöngumála, þ. e. flugið. Tillagan er flutt vegna þeirrar skoðunar flutningsmanns, að vegna þessarar sérstöðu Vestfjarða varðandi mjög svo ófullnægjandi samgöngur sé til þess sérstök ástæða að taka þann landshluta út úr hinni almennu könnun úrbóta í flugmálum og hraða þessari athugun að því er Vestfirði varðar eins og frekast er kostur, svo hægt sé að hefjast handa um úrbætur.

Það er skoðun flutningsmanns, að athugun þessari eigi að geta verið lokið á hausti komanda og þannig hægt að taka tillit til framkvæmda við gerð fjárlaga fyrir árið 1978. Einnig ætti að vera augljóst öllum, að miðað við þær aðstæður, sem vestfirðingar nú búa við varðandi flugsamgöngur, ættu framkvæmdir til úrbóta í flugmálum á Vestfjörðum að njóta forgangs.